

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 219 20. maí 1976 um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

6. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Bæjarstjórn er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt af gjöldum þessum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

14. september 1981.

Nr. 589.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 360,00 en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 30.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1982.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 596 30. október 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

14. september 1981.

Nr. 590.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Krossár.

Hlutur Skarðs	37%
Hlutur Kross	29%
Hlutur Ár	29%
Hlutur Frakkaness	4%
Hlutur Geirmundarstaða	1%

Samtals 100%

Arðskráin gildi í fimm ár.